



AKURSEL - FISKELDI

FORNLEIFASKRÁNING VEGNA DEILISKIPULAGS



Byggðasafn
Skagfirðinga

ÁSTA HERMANNSDÓTTIR
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
2023/264

Höfundur: Ásta Hermannsdóttir. 2023/264

Mynd á forsíðu: Tóft 2900-3 og nærumhverfi hennar. Ljósmynd: Ásta Hermannsdóttir.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2023. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	3
AÐFERÐARFRÆÐI	4
AKURSEL – SÖGUÁGRIP	4
SAMANTEKT	5
FORNLEIFASKRÁ	6
HEIMILDASKRÁ	9


Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna deiliskipulags á framkvæmdasvæði Silfurstjörnunnar í landi Akursels í Öxarfirði að beiðni Samherja fiskeldis ehf. Tengiliður vegna deiliskipulagsvinnu var Lilja Filippusdóttir landslagsarkitekt sem vinnur að hönnun skipulagsins.

Engin eldri fornleifaskráning er til fyrir svæðið. Var svæðið gengið miðvikudaginn 1. mars 2023 og sáu Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur og Ylfa Leifsdóttir fornleifafræðinemi um vettvangsvinnu. Ásta Hermannsdóttir sá um úrvinnslu og skýrslugerð.

Heimildamenn og landeigendur fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2900



Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna,: „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jöklí, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...].“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirlöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“.

Í 24 gr. segir: „Ef formminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit, auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin kerfisbundið og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra auk sameiginlegs verkefnanúmer sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða eins og hægt er, þ.e. híbýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is.

Akursel – söguágrip

Ekki er vitað hvenær Akursel byggðist og er bærinn í *Jarðabók Árna og Páls sagður byggður* fyrir manna minni. Líklegt er, í ljósi bæjarheitisins, að uppruna bæjarins megi rekja til selstöðu frá Skinnastöðum eða Akri, sem er eyðibýli í landi Skinnastaða (JÁP 1943: 307, *Örnefnaskrá Akursels og Hróastaða* 1973, Hjörleifur Guttormsson 2013: 287). Akursel var kirkjujörð, enda hjáleiga úr landi Skinnastaða, en dýrleiki hennar er sagður óviss bæði í *Jarðabók* og *Sýslu- og sóknalýsingum* (JÁP 1943: 307, *Sýslu- og sóknalýsingar* 1994:230).

Í heimildum er að finna nöfn margra selja í landi Akursels, sem þó eru í einhverjum tilfellum sömu selin að því er virðist (*Örnefnaskrá Akursels og Hróastaða* 1973, Hjörleifur Guttormsson 2013). Líklegt er að selin hafi flust til innan svæðisins vegna náttúrulegra aðstæðna, en á svæðinu getur verið mikið sandfok auk þess sem Jökulsá á Fjöllum, sem rennur á sandinum vestanverðum, hefur í aldanna rás hlaupið og breytt um farveg (Jón Grímsson, munnl.heim.). Einnig hefur Brunná, sem rennur austan við Akursel, breytt um farveg og því er landslagið lifandi og síbreytilegt. Hefur nýting og búseta á svæðinu vart farið varhluta af því. Bærinn Staðarlón var út við ströndina, en árið 1858 var hann fluttur vegna sandfoks og var þá

byggður upp skammt vestan við Akurselsbæinn og gefið nafnið Hróastaðir (Hjörleifur Guttormsson 2013: 288).

Akursel var lengst af tvíbýlt á 20. öldinni og standa þar t.a.m. tvö steypt íbúðarhús frá fyrri hluta 20. aldar á bæjartorfunni. Í seinni tíð er Akursel þekktast fyrir ræktun á lífrænum gulrótum (Hjörleifur Guttormsson, 2013: 287-88).

Samantekt

Deiliskipulagið nær yfir norðausturhluta jarðarinnar Akursels í Öxarfirði. Svæðið er að mestu fjara og gróðurlendi upp af henni, suðaustur að Brunná. Gróna svæðið er sendið og jarðvegur yfirleitt þunnur. Næst fjörunni eru grónar sandöldur en svæðið verður sléttara eftir því sem nær dregur Brunnánni.

Svæðið sem um ræðir er um 0,6 km² og voru þrjár minjar skráðar innan þess. Minjar 2900-1 og 2900-3 eru metnar í mikilli hættu vegna framkvæmda. Minjar 2900-2 eru ekki í hættu vegna framkvæmda sé horft til vinnslutillögu deiliskipulagsins (dags. 23.3.2023), en þar er hún fyrir utan lagnaleið (sem er næsta skilgreinda framkvæmdasvæði við hana). Ef framkvæmdasvæði skipulagsins taka breytingum getur þurft að endurskoða hættumatið.

Á mynd 1 má sjá yfirlitskort yfir allar skráðar minjar innan deiliskipulagsins. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir minjarnar: tegund, hlutverk og hættumat.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minjar geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. áðurnefnda 24. grein laga um menningarminjar, sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Tafla 1. Minjar sem skráðar voru á vettvangi.

Númer	Hlutverk	Tegund	Ástand	Hættumat
2900-1	Óþekkt	Þúst	Greinanleg	Mikil hætta vegna framkvæmda
2900-2	Óþekkt	Tóft	Greinanleg	Engin hætta
2900-3	Óþekkt	Tóft	Greinanleg	Mikil hætta vegna framkvæmda

Hættumat

Tvær hinna skráðu minja eru innan skilgreindra framkvæmdasvæða í vinnslutillögu deiliskipulagsins og flokkast því í mikilli hættu: 2900-1 og 2900-3. Minjar 2900-2 falla utan framkvæmdasvæða í vinnutilöggunni og teljast því ekki í hættu en verði gerðar breytingar á framkvæmdasvæðum í lokaútgáfu deiliskipulagsins þarf að endurskoða hættumat.

Fornleifaskrá



Mynd 1. Yfirlitskort af skráningarsvæði, mörk skipulags sýnd með svartri línu. Appelsínugulir punktar sýna skráðar fornleifar og talan með hverjum punkti táknað númer fornleifa í fornleifaskrá. Lofmynd: Bing.

Akursel-2900-1

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Púst

Hættumat: Mikil hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Þústin stendur á gróinni sandsléttu við árbakkann, fast sunnan við vegslóða sem liggur NA-SV meðfram Brunná.

Lýsing

Þústin er ferhyrnd, með dæld í miðjunni, um $7,5 \times 4,5$ m að utanmáli. Enginn inngangur er sjáanlegur. Vegghæð er um 40-80 cm.



Mynd 2. Púst 2900-1, horft til vesturs.

Mögulega er um heystæði að ræða.

Rof er hér og hvar í þústinni og sandur í rofsárum. Hún snýr NA-SV, samsíða árbakkanum sem er næplega 40 m sunnar. Þústin er vaxin lyngi, kjarri og mosa og nokkuð samlöguð umhverfinu. Gras er á þústinni þeim megin sem snýr að veginum og gras er í kanti vegarins, annars er gras í minnihluta í umhverfinu.

Akursel-2900-2

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Tóftin stendur á lyngi- og grasivöxnum vesturárbakka Brunnár, um 4 m NV frá bakkanum og um 40 m SA frá vegslóða. Svæðið er slétt en smáþýft.



Mynd 3. Tóft 2900-2, horft til vesturs.

Lýsing

Tóftin er nokkuð sokkin og lík umhverfinu, vaxin lyngi, grasi, mosa og kjarri. Tóftin er ílöng, um $11,5 \times 4,5$ m að utanmáli og liggur Sv-NA.

Haegt er að greina þrjú hólf í tóftinni, en enginn greinilegur inngangur er á henni. Veggir eru mest um 40 cm háir en yfirleitt lægri.

Akursel-2900-3

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Tóftin stendur á norðurbakka Brunnár rétt SV við göngubrú yfir ána, um 5 m frá árbakkanum. Svæðið er slétt og gróðri vaxið en þó farið að láta á sjá vegna umferðar manna og véla.

Lýsing

Tóftin er ílöng, um 10x4 m að utanmáli, og snýr NA-SV. Veggir eru um 20-50 cm háir. Inngangur virðist vera til SV. Tóftin er vaxin kjarri, mosa, lyngi og grasi og er vel samlöguð umhverfinu. Hugsanlega er um heystæði að ræða.



Mynd 4. Tóft 2900-3, horft til norðurs. Vesturendi göngubrúar sést í bakgrunni.

Niðurlag

Þrjár minjar voru skráðar á vettvangi og liggja þær í röð meðfram vesturbakka Brunnár. Minjarnar eru allar nokkuð greinanlegar en sokknar. Tvær minjar teljast í mikilli hættu sé horft til skilgreindra framkvæmdasvæða á vinnslutilloğu deiliskipulagsins. Einar minjar teljast ekki í hættu. Það skal ítrekað að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Hjörleifur Guttormsson. 2013. *Norðausturland: Vopnafjörður, Strönd, Langanes, Þistilfjörður, Sléttar, Nýpasveit, Öxarfjörður og Hólsfjöll*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

JÁP. Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1943. *Jarðabók. XI. bindi. Pingeyjarsýsla*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags. *Pingeyjarsýslur*. 1994. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Örnefnaskrá Akursels og Hróastaða. 1973. Ari Gíslason skrásetti. Sótt af: <https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/20624> (26. febrúar 2023).

Óutgefið efni

Deiliskipulag Akursels, norðurhluti. Vinnslutillega. Dags. 23.03.2023.

Heimildamenn

Jón Grímsson, 01.03.2023.

Fylgiskjal

Jörð	minj_id	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	x	y
Akursel	2900-1	óþekkt	þúst	1000	1900	greinanleg	mikil hætta	612135	634393
Akursel	2900-2	óþekkt	tóft	1000	1900	greinanleg	engin hætta	612342	634557
Akursel	2900-3	óþekkt	tóft	1000	1900	greinanleg	mikil hætta	612714	634887